

Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Geislagötu 9,

600 Akureyri

Tilv. 2018110149


Efni: Skýringar við umræður og viðhorf varðandi deiliskipulagsbreytingu við Gilsbakkaveg 15.

Settar fram eftir fund í skipulagsráði og „Teams“ fund með ÞJ og PIH 02.12.2020.

- Eini stækkunarmöguleiki á borðsal er í þá átt sem deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir.
- Eigendur Gilsbakkavegar 13, gerðu á sínum tíma athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna. Eftir fund með þeim og sameiginlegan fund með fráfarandi form. skipulagsráðs TMI og PIH var það mat okkar að þrátt fyrir ábendingar þeirra settu þau sig ekki á móti framkvæmdinni.
- Það hefur alltaf verið ljóst í hugum húseigenda að framkvæmd við stækkun hússins yrði að gerast á þann veg að gatan haldist opin og verkið hefði ekki áhrif á umferð svo tryggt væri að aðkoma að húsum við Gilsbakkaveg og að HSN gæti gengið með eðlilegum hætti.
- Samkomulag liggur fyrir við umhverfis- og mannvirkjaráð um kostnaðarþátttöku Gilsbakkavegar 15, við tilfærslu götunnar. Auk þeirrar fjárhæðar sem tilgreind er í samkomulaginu tekur húseigandi að sér kostnað við fullnaðarhönnun stoðveggjar, sem verður eign bæjarins að framkvæmd lokinni. Umhverfis- og mannvirkjaráð gerir ráð fyrir að ráðast í endurgerð Gilsbakkavegar á komandi tímum, en hugsanlega dregst það þar til HSN flytur í nýtt húsnæði.
- Húseigendur hafa rætt þann möguleika við ÞJ og PIH að austari hluti viðbyggingar verði látinn bíða þar til ráðist verði í endurgerð götunnar, svo ekki komi til auka útgjalda vegna þessa fyrr en ráðist verður í þá framkvæmd.
- Brýnast er að leysa aðgengismálin í húsinu, jafnframt ljóst að samþykkt á skipulagsbreytingunni þarf að liggja fyrir, svo hægt sé að ljúka hönnun verkefnisins í heild sinni óháð framkvæmdatíma einstakra verkþátta.

Akureyri 03.12.2020

Fh. Húseigenda að Gilsbakkavegi 15,


Sigurður J. Sigurðsson